

## Svör stjórnmalaflokka í Kópavogi við spurningum BBK í maí 2010

Spurningar	D-listi Sjálfstæðisflokks	F-listi Frjálslyndra	S-listi Samfylkingar
<p><b>1. Landnotkun vestast á Kársnesi</b> Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir blandaðri íbúðabyggð og atvinnustarfsemi.</p> <p>a) Teljið þið að þetta sé sú samsetning sem stefna beri að? b) Hver er skoðun ykkar á stærð og nýtingu landfyllingar á nesinu?</p>	<p>a) Já – þetta er það fyrirkomulag sem æskilegt er og gefur íbúum kost á að vinna nálægt heimili.</p> <p>b) Ekki verði um frekari landfyllingar á Kársnesi – einungis um að ræða lagfæringar í samræmi við væntanlegt skipulag.</p>	Svarar ekki	<p>a) Skipulag svæðisins verður að taka mið af því að ekki er hægt að auka umferð inn á Kársnesið að neinu ráði. Þannig er Samfylking á móti stórskipahöfn og vill nýta hluta svæðisins undir nærþjónustu fyrir núverandi íbúa, bblöndu af lágreistri íbúðabyggð og létrri atvinnustarfsemi.</p> <p>b) Við höfum ávallt staðið gegn landfyllingum á Kársnesi og frekari landfyllingar á Kársnesi koma ekki til greina.</p>
<p><b>2. Íbúafjöldun</b> Á Kársnesi búa nú 4.400 manns. Með þegar samþykktum og áætluðum skipulagsbreytingum stefnir í tvöföldun íbúa. Heildarfjöldi í hverfinu verður þá um 9.000 sem slagar hátt í íbúafjölda Garðabæjar.</p> <p>c) Hversu mikinn íbúafjölda teljið þið að Kársnesið beri? d) Kallar sá íbúafjöldi á breytingar á stoðkerfi hverfisins og þá hverjar?</p>	<p>a) Erfitt að gefa nákvæma tölu – ásættanlegur íbúafjöldi er háður fyrirkomulagi samgönguleiða og mun verða afleiðing af því skipulagi sem vonandi verður sátt um eftir opna arkitektasamkeppni.</p> <p>b) Stoðkerfi og þjónusta verður háð endanlegum íbúafjölda. Vissulega er það algjört lyklatríði að stoðkerfi verði bætt og aukið jafnhliða aukinni byggð á Kársnesi. Klárt er að lausnir í umferðarmálum og gatnagerðarmálum þurfa að fylgja auknum íbúafjölda.</p>	Það kemur ekki til greina af hálfu F-listans að fjölga meira en orðið er íbúum á þessu svæði. Við tölum fyrir lágreistri byggð með "andrími" í kring.	<p>a) Við höfum ávallt talið áætlanir um þéttingu byggðar á Kársnesi óraunhæfar og að gatnakerfi vesturbæjarins ber ekki svo mikla umferðaraukningu sem slíki þéttingu fylgir. Þegar samþykktu skipulagi er ekki hægt að breyta en rammaskipulag þarf að vinna í sátt og samvinnu við íbúa vesturbæjarins.</p> <p>b) Við sjáum fyrir okkur að hluti af því svæði sem ætlaður var fyrir íbúðabyggð yst á nesinu, nýtist undir nærþjónustu fyrir íbúa svæðisins.</p>
<p><b>3. Umhverfi, lífsgæði og náttúruvernd</b></p> <p>e) Á að friðlýsa strandlengju Kársness og ef svo er, hvenær ætti það að gerast? f) Er réttlætlanlegt að skipulagsbreytingar valdi skerðingu lífsgæða íbúa í grónum hverfum (s.s. aukin loft- og hljóðmengun, aukin slysaþætta o.s.frv) og ef svo er, hvaða lífsgæði og að hvað miklu leyti? g) Ber að ykkar mati að fjölga svæðum fyrir útivist og afþreyingu á Kársnesi og ef svo er með hvaða hætti?</p>	<p>a) Eins og sjá má í ofangreindri grein í Vogum er stefnt að friðlýsingu Skerjafjarðar í samræmi við áform í Náttúruverndaráætlun sem samþykkt var á Alþingi 2004. Í fyrirliggjandi drögum að friðlýsingu er gert ráð fyrir hafnarstarfsemi áfram á Kársnesi.</p> <p>b) Það er aldrei ásættanlegt að skerða lífsgæði íbúa. Þó er það alltaf þannig í allri byggð allsstaðar að byggðin er í stöðugri mótun og þróun. Ekki er hægt að ætlast til að öll þróun og mótun stöðvist þótt „gróin hverfi“ séu í byggð. Í samræmi við þéttingu byggðar og æskilega endurnýjun úr sér gróinna hverfa, eins og er víðsvegar á Kársnesi, þá munu skipulagsbreytingar alltaf hafa einhver áhrif á þá byggð sem fyrir er. Á hinn bóginn má fastlega reikna með að þær</p>	Svarar ekki	<p>a) A stefnuskrá Samfylkingarinnar er friðun Kópavogsleira og Skerjafjarðar. Það ferli er þegar hafið m.a. á Álftanesi og í Garðabæ og við höfum lagt fram tillögur þess efnis í bæjarstjórn Kópavogs að Kópavogur taki fullan þátt í því ferli. Því munum við fylgja eftir á næsta kjörtímabili.</p> <p>b) Nei á engan hátt og vísam við í fjölda bókana í bæjarstjórn Kópavogs á kjörtímabilinu sem er að líða þar sem við förum yfir umhverfisáhrif þeirra skipulagsáætlana sem hafa verið lagðar fram af Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki.</p> <p>c) Já. Við lögðum t.d. til á sínum tíma að hluti Kópavogstúns yrði</p>



Spurningar	V-listi Vinstri grænna	X-listi NæstBestiFlokkurinn	Y-listi Kópavogsbúa
<p><b>1. Landnotkun vestast á Kársnesi</b> Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir blandaðri íbúðabyggð og atvinnustarfsemi. (a) Telji þið að þetta sé sú samsetning sem stefna beri að? (b) Hver er skoðun ykkar á stærð og nýtingu landfyllingar á nesinu?</p>	<p>a) VG telja að skipulagið vestast á Kársnesi þurfi að endurskoða með það fyrir augum að þar sé fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðabyggð sem er með sama viðmóti og sú byggð sem er fyrir. Sú atvinnustarfsemi sem þar verði til lengdar verði f.o.f. smáíðnaður og verkstæði einyrkja, gjarnan listamanna. Slík endurskoðun verður að vera á forsendum þeirra sem búa þar fyrir.</p> <p>b) VG hafa nýverið fengið samþykka tillögu um frágang á landfyllingunni á norðanverðu nesinu sem snýr að því að gera hana að útivistarsvæði. Að svo komnu er þetta bráðabirgðalausn, en við viljum að þessi lending verði tekin lengra og fyllingin vestast komi einnig til sömu skoðunar.</p>	<p>a) Það getur verið jákvætt í sjálfur sér að blanda saman íbúðabyggð, verslun og þjónustu, afþreyingu og menningarstarfsemi og annarri atvinnustarfsemi en þá fer það eftir því hvers konar starfsemi það er. Atvinnustarfsemi sem felur í sér stöðugan eril þungaflutningafarartækja, er mengandi eða heilsuspillandi á annan hátt, á eðlilega ekki heima í námunda við íbúabyggð.</p> <p>b) Okkur finnst þessar framkvæmdir allar í hæsta máta óeðlilegar og ótímabærar og eru enn einn vitnisburðurinn um óstjórn og þá oþpenslu og sóun sem hefur átt sér stað í tíð fráfarandi meirihluta. Landfyllingin er allt of mikil og ekki fyrirséð hvort eða hvernig hún muni koma til með að verða nýtt.</p>	<p>a) Það þarf að skoða þetta vel kanna hvaða svæði innan bæjarins komi til greina fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi svo bærin geti náð fram markmiðum sínum um fjölgun íbúða og atvinnuhúsnæðis. Það væri unnið að því með þeim aðilum innan stjórnslu Kópavogs sem hafa með málið að gera enn einnig í nánu samráði við hverfarad.</p> <p>b) Landfylling er afleiðing óðauppbyggingar á bærjarlandinu. Þær hafa vaxið ótæpilega en fara á eftir gildandi aðalskipulagi. Eins má benda á ef landfyllingin er stærri en 5ha á hún að fara í umhverfismat.</p>
<p><b>2. Íbúafjöldun</b> Á Kársnesi búa nú 4.400 manns. Með þegar samþykktum og áætluðum skipulagsbreytingum stefnir í tvöföldun íbúa. Heildarfjöldi í hverfinu verður þá um 9.000 sem slagar hátt í íbúafjölda Garðabæjar. a) Hversu mikinn íbúafjölda telji þið að Kársnesið beri? b) Kallar sá íbúafjöldi á breytingar á stoðkerfi hverfisins og þá hverjar?</p>	<p>a) Kársnesið ber að hámarki (með þeirri byggð sem er skipulögð á Kópavogstúni og landfyllingu norðan megin) um 7000 manna byggð. Þá er gert ráð fyrir að fjölgi aftur í gömlu hverfunum á Kársnesi (sú byggð sem þegar stendur gæti hæglega borið 5000 manns).</p> <p>b) Með slíkri fjölgun gæti þurft að gera annað tveggja, byggja við núverandi húsnæði Kársnesskóla eða reisa nýjan skóla fyrir yngstu börnin norðan Kársnesbrautar og mögulega bæta við leikskóla. Auk þess gæti þurft að laga stofnbrautir til að þær gætu borið umferð. Slíkar breytingar myndu kalla á mikið samráð við íbúa og yrðu ekki gerðar án þess.</p>	<p>a) Það er erfitt fyrir okkur að meta það sem raunhættum hætti. Eflaust mætti finna einhverjar leiðir til "þéttingar" byggðarinnar og þá sérstaklega á hafnarsvæðinu en við erum andsnún veigamiklum byggingaframkvæmdum sem við teljum óraunhæfar á flestum stigum málsins. Fremur ætti að reyna nýta þann kost sem fyrir er og beina því til fyrirtækja vestast á nesinu að snyrta og fegra hús sín og byggingar.</p> <p>b) Nei. Við erum eina framboðið sem er beinlínis á móti byggingum stúdentaíbúða á Kársnesi og gróflaga skotið væri um sex þúsund íbúar þar ásætlanleg tala. Þá erum við að tala um þéttingu og nýbyggingar á hafnarsvæði.</p>	<p>a) Á þessu augnabliki höfum við ekki forsendur til að meta það. Við viljum hlúa að þeim íbúum sem búa þar nú. Þegar íbúafjöldi verður endurmetinn þá treystum við þeim fagaðilum sem vinna innan bæjarins til að meta það, Samkvæmt stefnu okkar kæmi málið líka til kasta hverfarads á Kársnesi. Mikilli fólksfjölgun fylgir mikill kostnaður við að stækka innviði Kársness.</p> <p>b) Já, sá íbúafjöldi kallar á breytingar á stoðkerfi hverfisins þjónustu s.s. skóla, dagvöru þjónustu og umferðaræðar.</p>
<p><b>3. Umhverfi, lífsgæði og náttúruvernd</b> h) Á að friðlýsa strandlengju Kársness og ef svo er, hvenær ætti það að gerast? i) Er réttlætlanlegt að skipulagsbreytingar valdi skerðingu lífsgæða íbúa í grónum hverfum (s.s. aukin loft- og hljóðmengun, aukin slyshætta o.s.frv) og ef svo er, hvaða lífsgæði og að hvað</p>	<p>a) Því miður er stærstur hluti náttúrlegrar strandlengju Kársnessins þegar skemmdur og breyttur af framkvæmdum bæjarins og verktaka. Sá hluti sem er enn ósnortinn er þó mikil verðmæti og grundvallaratriði að láta óhreyfðan. VG á höfuðborgarsvæðinu hafa talað mjög fyrir friðlýsingu Skerjafjarðar og ósnortinn hluti Kársnessins og Leirurum eiga að vera hluti þeirrar friðlýsingar.</p> <p>b) Nei, það er ekki réttlætlanlegt að lífsgæði íbúa séu skert með</p>	<p>a) Við í Næst Besta Flokknum erum eindregið meðmælt því. Uttekt og skoðun á því máli ætti að byrja sem fyrst.</p> <p>b) NæstiBestiFlokkurinn berst af miklum krafti fyrir því að taka völdin frá gömlu ónýtu stjórnmalaflokkunum og færa þau aftur til fólksins, íbúanna í Kópavogi. Það er forkastanlegt að skipulagsbreytingar sem kosta svo stórkostlegar framkvæmdir líft og í Kársnesi skuli ekki vera gerðar í góðri sátt við íbúana. Það er einungis réttlætlanlegt að skerða lífsgæði fólks ef það varðar</p>	<p>a) Það þyrfti að skoða í viðtæku samhengi með nærliggjandi fjörum, grynningum í Kópavogi. Vöktun svæða og meðþáttaka íbúa (á Kársnesi) getur hjálpað til að svæði verði raunverulega friðað.</p> <p>b) Nei, það er ekki réttlætlanlegt og vonandi eru þeir tímar liðnir.</p> <p>c) Já, tvímælalaust verður að taka frá rifleg svæði til útivistar til að styrkja lífsgæði allrar byggðarinnar. Börn og ungmenni þurfa svæði á Kársnesi til frjálsra leikja og einnig til skipulagðrar</p>

Betri byggð á Kársnesi  
27. maí 2010

<p>miklu leyti? j) Ber að ykkar mati að fjölga svæðum fyrir útivist og afþreyingu á Kársnesi og ef svo er með hvaða hætti?</p>	<p>þeim hætti sem lagt er upp í spurningunni. Þegar breytingar eiga að verða á nærumhverfi verður það að vera fortakslaus skylda bæjarins að kanna afstöðu íbúanna sem fyrir eru fyrst.</p> <p>c) Sjá að ofan. Minnum einnig á tillögur okkar um Kópavogstúnið og lóð Landspítalans.</p>	<p>almannaheill. Bygging stúdentaíbúða fellur ekki undir þá skilgreiningu.</p> <p>c) Tvímælalaust. NæstBesti hefur ótal hugmyndir hvað þetta varðar. Ein er sú að koma upp náttúrulegu sela og kópaskeri í Kópavoginum sem fjölskyldur jafnt sem einstæðingar gætu sótt heim og gefið þar kópum að borða og glaðst við að horfa á. Kópavogsbæinn mætti lifga við; bjóða áhugasömum til leigu og stunda þar búskap með gamla laginu með kúm og sauðfé og landnámsþænum - Bærinn væri opinn gestum sem gætu kynnt sér gamla búskaparhætti og gætu jafnvel tekið til hendinni. Þar væri upplagt að reka hressingarskála og jafnframt afþreyingu fyrir eldri borgara sem búa þar margir í grennd, - t.d. minigolf eða puttveli. Jafnvel væru einhverjir þeirra til í að leggja hönd á plóg við bústórfin ef svo ber undir. Gamla holdsveikraspítalanum því fallega húsi þarf að koma í gott horf. Þar mætti hugsa sér marghátaða starfsemi allt frá veitingarekstri, aðstöðu fyrir lista og fræðafólk, sýningarsal fyrir myndlist eða hvað svo sem skapandi fólk dettur í hug að gera. Í þessu húsi eru mikil menningarverðmæti fólgin og þau ber að virða. Á hafnarsvæðinu er mikið verk fyrir höndum. Þar væri upplagt að efla smábátaaðstöðuna og með öllum ráðum að hleypa menningarlífi í svæðið. Í flestum sjávarplássum heimsins er höfnin iðandi af mannlífi, - en ekki í Kópavogi. Hún er aðallega ljót. Við sjáum í framtíðinni fyrir okkur veitingastaði, menningar og listastarfsemi leita út á höfnina. Við höfum líka stungið upp á því að einhver stofnaði skyndibitastaðinn Bæjarins næst Bestu sem seldi okkur steiktan fisk og kartöflur; íslenskan og hollan mat. Þá má eflaust nýta Rútstúnið mun betur í samvinnu við hugmyndaríkt fólk. Ein er sú afþreying og menningarstarfsemi sem er stórlega vanmetin en það eru sundlaugar. Eitt af okkar baráttumálum er að hafa að minnsta kosti eina sundlaug í Kópavogi opna allan sólarhringinn og frítt fyrir börn og eldri borgara. Hvað er hollari afþreying og útivist en sundið. Sundlaugar er hægt að nýta enn betur. Svo er sjósund að komast í tísku en það er náttúrliga vitavonlaust að sula í sjónum</p>	<p>Þróttastarfsemi líkt og í öðrum bæjarhlutum og eiga rétt á að geta sótt í slíkt í sínu nærsamfélagi.</p>
--	--	--	---

Betri byggð á Kársnesi  
27. maí 2010

		hjá landfyllingunni. - Þetta eru bara nokkrar af fjölmörgum hugmyndum sem ræddar hafa verið í Næst Besta Flokknum.	
<b>4. Aðkoma íbúa að skipulagsmálum</b> a) Hvernig teljið þið aðkoma íbúa eig í að vera háttáð í skipulagsmálum, s.s. í stefnumótun og ákvörðunartöku? b)Hvaða reglur eiga að gilda um þéttingu í grónum hverfum í bænum?	a) Sjá svör hér að ofan. Bærinn á að hafa bein samskipti við íbúa í gegnum samtök þeirra en einnig með upplýsingum, dreifiritum, fundahöldum og samtölum. Bærinn á að hlusta.  b) Þær reglur sem eiga að gilda um þéttingu byggðar eiga að vera þannig að nágrennar við þéttinguna geti sætt sig við hana að undangenginni ítarlegri kynningu og að hún sé í samræmi við þá byggð sem er fyrir. Með slíkum reglum væri ekki freystnivandi fyrir verktaka eða byggingaraðila að kaupa lóðir með það fyrir augum að setja niður t.a.m. þriggja hæða fjórþýli í lágreista götu o.s.fr.v.	a) Eins og áður er getið skiptir aðkoma íbúanna höfuðmáli og eflaust liggja fyrir mótaðar hugmyndir um hverfasamtök og íbúafundi og grenndarkynningar og annað slíkt. Gallin er sá að þessum hugmyndum hefur ekki verið fylgt eftir af neinni ástríðu fyrir verkinu. Það er fyrst og fremst það sem skortir á. Frumkvæðið um samvinnu þarf að koma frá framkvæmdaraðilum (bænum) og svo er betra að hafa einhverja með við stjórnvölinn í nefndum og ráðum sem þetta varðar. b) Almennt verður að horfa með skynsemi á nýframkvæmdir í grónum hverfum með tilliti til þess hvað er þar fyrir. Reglur þar að lútandi hljóta að vera fyrir hendi og meginreglan hlýtur að vera sú að ganga ekki á rétt annarra eða þeirra sem fyrir eru.	a) Okkar markmið er að stofnuð verði hverfaráð sem funda reglulega í skólahverfunum a.m.k. 1 sinni á ári, þarfir hverfa eru mismunandi og það er lyklatríði að íbúarnir móti umhverfi sitt. Skilgreina þarf hlutverk og skyldur hverfaráða frá byrjun svo að þau hafi skýran ramma til starfa. c) Þétting byggðar þarf að vera vel skilgreind t.d. í aðalskipulagi – nákvæmlega hversu þétt hverfin mega vera. Það yrði unnið af „þar til bærum“ aðilum í samvinnu við kjörna fulltrúa og hverfaráð..
<b>5. Framtíðarsýn</b> Hver er þín framtíðarsýn varðandi þróun byggðar á Kársnesi og hvaða þættir skipta þar mestu máli?	Kársnesið getur orðið ein af þeim höfuðborgarsvæðisins. Öll uppbygging þarf að miða að því að þar risi manneskjuleg byggð í sátt við íbúa og umhverfi. Söðaleg umgengni á iðnaðarsvæðum verður ekki liðin. Útivistarsvæði verði þróuð áfram og að menningu og sögu svæðisins verði gert hátt undir höfði. Smábátahöfn vestast á nesinu verði eina hafnarstarfsemin sem þar verði rekin (auk siglingaklúbbsins). Göngu og hjólréiðastígum verði viðhaldið og bætt inn í eyður, t.a.m. á uppfyllingunum.	Fyrri svör hafa nokk lýst okkar sýn. En sitt sýnist hverjum og okkar meginverkefni í bæjarstjórn næstu 4 árin verður að hlusta á Kópavogsbúa og heyra hvað þeir vilja. Þannig að við sendum boltann til baka og spyrjum, hver er ykkar sýn? Ykkar íbúanna á Kársnesi? Finnum útúr því í samkomulagi og þá verður þetta létt verk.	Rétt væri að byggja upp nesið á sjálfbærán hátt, bjóða betri nærþjónustu með blöndu af íbúðabyggð og atvinnustarfsemi og þjónustu. Gæti orðið tilraunaverkefni í skipulagsmálum.

Nánar um könnunina

- Bréf var sent til þeirra sex stjórnmalaflokka sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi í maí 2010
- Gefinn var frestur til 26. maí til að skila svörum.
- Svar barst frá öllum framboðum nema Framsóknarflokki, sem áformar að senda svör síðar í vikunni
- Allir sem svöruðu gáfu bein svör við þeim spurningum sem lagðar voru fram nema Frjálslyndi flokkurinn sem svaraði á forni samfellds texta sem hér er flokkaður niður eftir efni.
- BBK færir stjórnmalaflokkunum bestu þakkir fyrir þátttökuna og skjót viðbrögð við erindi samtakanna.